



Skútustaðahreppur

Skólanefnd

4. fundur
11. maí 2015
Kl. 15:30-17:00

Mætt: Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Friðrik Jakobsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir. Auður Jónsdóttir sat fundinn sem fulltrúi kennara og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla. Anna Gréta Eyþórsdóttir sat fundinn sem fulltrúi foreldra undir liðum 1-4. Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri Yls sat fundinn undir liðum 3-8.

1. Reykjahlíðarskóli - skólaárið 2015-2016. Skólastjóri fór yfir skiplag næsta vetrar. Tímafjöldi, skiptingu í námshópa, skólaakstur, skóladagatal og fleira, sjá fylgiskjöl fundargerðar. Einnig rætt um félagsstarf í skólanum. Tveir kennarar eru á leið í fæðingarorlof, unnið er að lausn með hrókeringum innanhúss og einni afleysingastöðu. Fyrirspurn um kennslu í eðlis- og efnafræði, verður kennt sem hluti af náttúrufræði ásamt líffræði, jarðfræði og stjörnufræði.

2. Reykjahlíðarskóli - niðurstöður könnunar á sjálfsmati. Skólastjóri kynnti niðurstöður úr sjálfsmati skólans. Tekið var fyrir liðan, skólabragur, heimavinna og trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu. Niðurstöður verða settar í skýrslu og á heimasíðu skólans nú í vor. Almenn liður nemendum vel og enginn telur sig vera lagðan í einelti. Einnig kemur fram að nemendur hafa gott sjálfstraust og geti haft áhrif á líf sitt.

3. Námskeið fyrir skólanefndir 16.maí. Haldið í Eyjafirði. Arnar og Jóhanna Katrín munu fara fyrir hönd Skútustaðahrepps.

4. Flutningur leikskólans Yls í húsnæði Reykjahlíðarskóla. Fundarmenn lýsa yfir eindregnum vilja til að möguleikar til flutnings leikskólans Yls í húsnæði Reykjahlíðarskóla verði skoðaðir. Skólanefnd leggur til að nefnd verði skipuð tveimur fulltrúum úr skólanefnd, skólastjórum og fulltrúa sveitarstjórnar til að vinna undirbúningsvinnu að framgangi málsins.

5. Heilsueflandi skóli – staðan. Starfshópurinn hefur verið önnum kafinn við skipulagningu íþróttadags. Að viku liðinni verða tekin upp málefni tengd „hreyfingu og öryggi“ samanber umræðu síðasta fundar skólanefndar.

6. Sör-Fron vinabæjarsamskipti milli skóla. Hólmfríður Jónsdóttir og Sólveig skólastjóri hittu hóp Norðmanna sem sótti okkur heim í apríl. Mikill áhugi er fyrir samskiptum skólanna. Í skipulagi næsta skólaárs er gert ráð fyrir rými til slíkrar vinnu nemenda í Reykjahlíðarskóla. Í kjölfarið verði skoðaðir mögulegir styrkir til heimsókna.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Jóhanna K. Þórhallsdóttir
Þuríður Helgadóttir
Einar Jónsson
Arnar Halldórsson
Sólveig Jónsdóttir